

2. Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:
 - a. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnunin“ í 1. másl. kemur: fjarskiptafyrirtæki.
 - b. Í stað tilvísunarinnar „sbr. 3. gr.“ í 3. másl. kemur: sbr. ákvæði útvarpslaga.
 - c. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnunarinnar“ í 5. másl. kemur: Póst- og fjarskiptastofnunarinnar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir það sem segir í 2. gr., 3. mgr. 6. gr. og a-lið 4. mgr. 6. gr. í lögum þessum er utanríkisráðuneytinu heimilt að veita varnarliðinu leyfi til áframhaldandi útvarpsrekstrar, sbr. lög nr. 110/1951 og lög nr. 106/1954, og skal þá tekið mið af ákvæðum I.–IV. kafla að svo miklu leyti sem við getur átt.

Núverandi stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skal sitja áfram eftir gildistöku laga þessara þar til hún hefur lokið starfi sínu, þó ekki lengur en til 31. desember 2001. Hlutverk hennar skal þá einvörðungu vera það að hafa eftirlit með framvindu þegar styrktra verkefna, að framvinda og framkvæmd sé í samræmi við umsóknir og forsendur styrkveitinga, að innheimta ógreidd menningarsjóðsgjöld og að koma að öðru leyti fram fyrir hönd sjóðsins.

Þar til sett hefur verið reglugerð eða reglugerðir um framkvæmd laga þessara skulu reglugerðir samkvæmt útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem við getur átt.

Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra.

Gjört á Bessastöðum, 17. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Reiðvegir eru vegir sem einkum eru ætlaðir umferð ríðandi manna og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Hjólreiða- og göngustígar eru einkum ætlaðir hjólandi og gangandi vegfarendum og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

2. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Ráðherra getur að fengnum tillögum vegamálastjóra heimilað eignarnám lands til lagningar tiltekinna almennra vega, einkavega, reiðvega og hjólreiða- og göngustíga, enda komi fullar bætur fyrir.

3. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Almennir vegir, einkavegir, reiðvegir og hjólreiða- og göngustígar.**

4. gr.

Í stað orðsins „gangstíga“ í 20. gr. laganna kemur: hjólréiða- og göngustíga.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Landeigandi skal annast viðhald girðinga með vegum í landi sínu, sbr. þó 4. mgr.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:

Vegagerðin getur að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag ákveðið að annast og kosta viðhald girðinga með einstökum vegarköflum á þjóðvegum þar sem umferð er 300 bílar á dag eða meira að meðaltali yfir sumarmánuði (SDU), enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafli bönnuð. Áður en Vegagerðin ákveður að taka við viðhaldi girðinga samkvæmt þessari grein skal hún tilkynna það viðkomandi sveitarfélagi og hlutaðeigandi landeigendum.
- c. 4. mgr. verður 5. mgr. og orðast svo:

Viðkomandi sveitarfélag annast viðhald girðinga sem reistar eru skv. 2. mgr. 37. gr. Þó er heimilt að semja um að veghaldari annist viðhaldið. Viðhaldskostnaður þeirra girðinga greiðist að jöfnu af viðkomandi sveitarfélagi og veghaldara nema sérstaklega sé um annað samið.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2000.

Gjört á Bessastöðum, 17. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa og skírteina vegna veitingar atvinnuréttinda og tengdra réttinda skal greiða 5.000 kr.:

1. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti og héraðsdómi.
2. Leyfi til að stunda almennar lækningar og sérfræðilækningar, leyfi til að stunda almennar tannlækningar og sérfræðitannlækningar, leyfi til ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga og sérfræðileyfi til hjúkrunarfræðinga, leyfi til lyfsala, lyfjafræðinga, sérfræðileyfi lyfjafræðinga og leyfi til aðstoðarlyfjafræðinga.
3. Leyfi til sjúkrajálfara, félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, þroskaþjálfara, meinatækna, röntgentækna, matvælafræðinga og sálfræðinga.